

**AUGLÝSING**  
**um samning við Færeyjar um fiskveiðar**  
**innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2012.**

Hinn 23. mars 2012 var með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík gengið frá samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2012. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða 23. mars 2012. Alþingi hafði hinn 24. maí 2012, með þingsályktun nr. 38/140, heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMNINGUR**  
**milli Íslands og Færeyja**  
**um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2012.**

**a. Bréf lögmans Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.**

Harra Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðharri  
Utanríkisráðuneytið  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík  
Ísland

Þórshöfn, 23. mars 2012

Harra Uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum feroyska og íslenska fiskimálaráðharrarnar um fiskiveiði í feroyskum og íslenskum sjógvi í 2012.

Eg havi skilt, at semja er um fylgjandi:

„Semja  
millum Ísland og Føroyar  
um fiskiveiði í íslenskum og feroyskum sjógvi í 2012.

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá feroyskum nótaskipum í lodnuvertíðini 2012/2013 verða 30 túsund tons, um heildarlodnukvotan er 500 túsund tons ella meir. Er heildarkvotan minni enn 500 túsund tons, verður parturin hjá feroyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er feroyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Verður heildarlodnukvotan minni enn 500 túsund tons, er loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á feroyskum verksmiðjuskipum nøgd sum svarar til  $\frac{3}{4}$  av kvotuni hjá feroyskum skipum, sbr. 1. grein. Verður heildarkvotan har aftur ímóti størri enn 500 túsund tons, er ikki loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á feroyskum skipum meira enn  $\frac{2}{3}$  av feroysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 15. februar skal ikki meira enn  $\frac{1}{3}$  av feroysku kvotuni fara til matna uttan fyri Ísland.

Feroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2012/2013 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslenskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Feroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslenskum búskaparøki í 2012. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslenskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í feroyskum sjógvi í 2012. Tó kunnu ikki fleiri enn 12 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í feroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslenskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trøngt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslenskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

## 4. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2012 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

## 5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslenskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslensk skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslensk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafni, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

## 6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgjeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgjeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt.

Við hávirðing,  
Kaj Leo Holm Johannessen  
løgmaður

**b. Svarbréf utanríkisráðherra Íslands.**

Hr. lögmaður  
Kaj Leo Holm Johannessen  
Føroya Landsstýri  
Torshavn

Reykjavík, 23. mars 2012

Hr. lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. í dag, 23. mars, sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Færeyja og Íslands um fiskveiðar innan færeyskrar og íslenskrar lögsögu á árinu 2012.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur  
milli Íslands og Færeyja  
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2012.

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2012/2013 verða 30 þúsund lestir enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildarafli aftur á móti meiri en 500 þús. lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur  $\frac{2}{3}$  hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 15. febrúar skal eigi meira en  $\frac{1}{3}$  hluti af kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2012/2013 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2012. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2012 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

## 5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

## 6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,  
Össur Skarphéðinsson  
utanríkisráðherra